

## Starfsmannastefna

- 365 er skemmtilegur og framsækinn vinnustaður með frumkvæði og sköpunargleði að leiðarljósi. Framtíð fyrirtækisins byggist á hæfu starfsfólki sem leggur sig fram alla daga ársins.

## Gildi 365

- Sköpunargleði
- Samstarf
- Áreiðanleiki
- Arðsemi

## Starfsmannaval

365 leitast við að ráða starfsfólk sem:

- Skarar fram úr á sínu sviði
- Skapar og miðlar þekkingu
- Er traust og áreiðanlegt
- Er frumlegt og útsjónarsamt
- Er sveigjanlegt og vinnur vel í hópi
- Hefur þjónustulund og eflir heildina
- Við val á starfsmönnum eru starfslýsingar hafðar til hliðsjónar.

## Hlutverk

- Lifandi og upplýsandi þjónusta við landsmenn, 365 daga ársins.

## Fræðsla- og endurmenntunarstefna

- Mikilvægi þekkingar skal vera viðurkennt innan 365 og því skal fræðsla og þjálfun vera skipulagt áttak fyrirtækisins sem lítur á þetta sem fjárfestingu í átt að samkeppnisforskoti.

## Jafnréttismál

- 365 ætlar að gæta fyllsta jafnréttis milli kvenna og karla. Hver starfsmaður á að vera metinn og virtur að verðleikum sínum. Markmiðið er að stuðla að jafnri stöðu kvenna og karla og jöfnum tækifærum einstaklinga óháð kynferði.

## Fjölskyldustefna 365

- 365 vill stuðla að því að samræma starfsskyldur og fjölskyldulíf.

## Starfsskilyrði

- Reynt er að tryggja öllum starfsmönnum gott starfsumhverfi sem fullnægir ströngustu kröfum um öryggi, hollustu og vinnuvernd.